


Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>FÉLA2KR05 haustönn 2018</b>	

<b>Kennari/kennarar:</b> Arnar Sigurgeirsson	<b>Netfang/netföng:</b> arnar@fva.is
---	---

**Námsgögn:**  
**Félagsfræði 2: Kenningar og samfélag**, eftir Garðar Gíslason, Reykjavík: Mál og menning, 2016 útg.


**Lýsing:**  
Í áfanganum er byggt ofan á námsefni FÉLA1BY05. Farið verður meðal annars yfir helstu hugtök og fræðimenn félagsfræðinnar, kynhlutverk, femínisma, afbrot og refsingar, samskipti og fleira.

**Markmið:**

- Að nemendur byggi ofan á þann grunn sem lagður var í FÉLA1BY05 og kunni skil á tveimur helstu sjónarhornum félagsfræðinnar, samvirkni og átaka.
- Að nemendur geti greint kyn og kynhlutverk út frá félagsfræðilegu sjónarhorni.
- Að nemendur kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum í félagsvísindum.
- Að nemendur átti sig á orsökum og afleiðingum frávikshegðunar, s.s. afbrota í samfélagi okkar, réttarkerfi og refsingum.
- Að nemendur geri sér grein fyrir félagslegri lagskiptingu og þróun stéttskiptingar, sem og annarri félagslegri mismunun.

**Námsmat:**

Í áfanganum er símat og skiptist það í; 4 kaflapróf (15% hvert), einstaklings ritgerð (20%) og nemendafyrirlestur (20%).  
**Athugið** að meðaleinkunn úr kaflaprófunum þarf að vera 4,5 eða hærrí til að eiga möguleika á að ná áfanganum. Einnig þarf að ná 4,5 í einstaklingsritgerð til að ná áfanganum.

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>FÉLA2KR05 haustönn 2018</b>	

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

- Mikilvægt er að skoða kennsluáætlun vel kynna sér efni hennar. Henni verður fylgt og því ætti ekkert að koma á óvart.
- Öll verkefnaskil fara fram á innu í þar til gerðar möppur, athugið vel hvenær þær möppur lokast
- Ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum nema í algjörum undantekningartilfellum.
  - Ekki er ráðlagt að vera að vinna verkefni fram á síðustu stundu
  - Góð skipulagning er gulls ígildi.
- Sé nemandi veikur þegar próf eru getur nemandi tekið prófið í lok annar (16 eða 17 viku)
- Óskir um sérúrræði vegna prófa eða verkefna þurfa að berast í tímanlega. Það er ekki víst að hægt sé að bregðast við slíkum óskum berist þær á síðustu stundu.
- Verði nemandi uppvísa af ritstuld í verkefnum eða að svindla á prófi fær viðkomandi 0 í þeim námsþætti og mögulega fall í áfanganum.
- Gangi samstarf í hópaverkefnum illa af einhverri ástæðu skal ræða það sem fyrst við kennara svo hægt sé að leita lausna. „Farþegar“ í hópavinnu eiga í hættu á að fá lægri einkunn en aðrir í hópnum fyrir skil.
- Mundu að ef veikindi verða (kennara eða nemenda) þá er ætlast til að þú haldir áfram að læra eftir námsáætlun eins og kostur er!


**Tími við nám:**

Tímasókn; 60 klst.

Heimavinna; 30 klst.

Undirbúningur fyrir próf; 20 klst

Alls: 110 klst

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>FÉLA2KR05 haustönn 2018</b>	

Vik a	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	20.8-24.8	Kynning á áfanganum. 1. kafli	
2	27.8-31.8	1. kafli	
3	3.9-7.9	1. kafli – Kaflapróf 4.9 – 2.kafli	Próf 15%
4	10.9-14.9	2. kafli	
5	17.9-21.9	2. kafli	
6	24.9-28.9	2. kafli – Kaflapróf 25.9 – kynning á ritgerð	Próf 15%
7	1.10-5.10	4. kafli - ritgerð	
8	8.10-12.10	4. kafli – ritgerð. Fyrri skil ritgerðar kl 23:59 12.10	
9	15.10-17.10	3. kafli	
10	22.10-26.10	3. kafli	
11	29.10-2.11	3. kafli – Kaflapróf 30.10 – 6. kafli	Próf 15%
12	5.11-9.11	6. kafli	
13	12.11-16.11	6. kafli - Seinni skil ritgerðar kl 23:59 16.11	Ritgerð 20%
14	19.11-23.11	6. kafli – Kaflapróf 20.11 – kynning á hópverkefni	Próf 15%
14	26.11-30.11	5. kafli – Nemendafyrirlestur	
15	3.12-8.12	5. kafli – Nemendafyrirlestur	
16	10.12-14.12	Námsmatsvika - Nemendafyrirlestrar	
17	20.8-24.8	Námsmatsvika - nemendafyrirlestrar	Fyrirlestur 20%

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*